



Til skóla- og frístundaráðs
Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um málefni Víkurskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 8. september 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um það hvort að bóúð sé að seinka kennslu um 10 mínútur í Víkurskóla vegna þess að almenningasamgöngur (Strætó) séu með þeim hætti að ekki sé hægt að hefja þar kennslu fyrr. Eins þar sem skólanum var seinkað um 10 mínútur þá er bóúð að taka af frímínútur og kennsla er í 120 mínútur. Er það talið heppilegt fyrir börn og kennara að kennsla sé samfelld í 120 mínútur? Einnig er óskað eftir því hver sé ástæðan fyrir því að ekki sé bóúð að opna bókasafn, ekki séu komnir skápar fyrir nemendur til þess að geyma í bækur eða kennsla í valfögum sé byrjuð?

Svar:

Leitað var til Þuríðar Óttarsdóttur, skólustjóra Víkurskóla, til að afla svara við fyrirspurninni. Svar hennar dags. 10. sept. 2020 er eftirfarandi:

Já, ein af ástæðunum fyrir seinkun skólans í fyrsta tíma að morgni var að koma til móts við þau börn sem nota almenningssamgöngur úr mismunandi hverfum í norðanverðum Grafarvogi og koma þannig í veg fyrir að börnum væri mismunað eftir því hvaða samgöngur þau nýta. Einnig var frímínútum sleppt til þess að lengja ekki skóladaginn fram á daginn og kennurum finnst betra að brjóta upp kennslutímann með nemendum eftir því hvernig það hentaði hverju og einu viðfangsefni í stað þess að takmarka sig við ákveðna tímasetningu. Nemendur og kennarar vinna saman að ýmsum verkefnum og tímar eru alltaf brotnir upp. Nemendur sitja aldrei samfelld í 60 mín án uppbrots heldur eru verkefni þeirra margbreytileg og kalla á að nemendur geti nýtt sér skólahúsnæðið á mismunandi vegu.

Ástæða þess að bókasafn/upplýsingaver hefur ekki verið opnað er að þar hafa verið framkvæmdir og í síðustu viku var lokið við að dúkleggja í sárin eftir að veggir voru teknir niður, enn á eftir að ganga frá ýmsu tengdu rafmagni og loka loftinu. Bið eftir rafvirkja hefur verið löng og erum við langeygd eftir að fá þá í skólann til að ljúka ýmsu sem eftir á að framkvæma.

Aðstæður á safni meðan iðnaðarmenn hafa verið þar að störfum hafa ekki verið ákjósanlegar til þess að grisja eða endurraða gögnum og bókum, en mikil þörf er á grisjun og endurskipulagningu á bókum miðað við breyttan aldurshóp nemenda. Stjórnendur funduðu í dag vegna bókasafns/upplýsingavers og ætla sjálfir að ganga í það verk að grisja þar ásamt bókasafnsfræðingi. Það verður gert utan vinnutíma því mikill vilji er til að opna safnið sem fyrst. Enn eiga iðnaðarmenn eftir að koma þar að, opna á safnið á þremur stöðum með glerhurðum og skerma af vinnuæðstöðu bókasafnsfræðings. Stefnt er á að ljúka

breytingum á safninu fyrir áramót, en starfsemi safnsins mun samt hefjast um leið og rafmagn er komið í lag og búið er að endurraða og grisja. Áhersla hjá bókasafni/upplýsingaveri hefur verið að koma tækjakosti skólans í gagnið, þ.e. chromebook-tölvum og ipöðum og fara yfir tækjabúnað skólans og staðsetja hann. Bækur hafa verið afhentar bæði nemendum og kennurum sem óska eftir því og hefur lokunin því ekki haft áhrif á afhendingu bóka en frjálst aðgengi hefur verið takmarkað.

Valgreinar hafa tafist um of, en fyrir því liggja ýmsar ástæður, unnið var út frá hugmyndum nemenda og það sem mannauður Víkurskóla hefur upp á að bjóða. Einnig er samstarf við utanaðkomandi aðila sem tók lengri tíma en upphaflega var ætlað. En upplýsingar um val nemenda er farið heim til foreldra/forráðamann í tölvupósti og verður kynnt nemendum föstudaginn 11. september í 8. og 10. bekk og mánudaginn 14. september í 9. bekk. Eftir helgina verður nemendum raðað niður í valið og ef nemendur og foreldrar bregðast hratt og vel við rafrænu vali, ætti niðurröðunin ekki að taka langan tíma. Valið mun hefjast í síðasta lagi mánudaginn 21. september.

Í framkvæmdaáætlun var ekki ákveðið að setja upp munaskápa fyrir nemendur að þessu sinni, þó svo að skólastjóri og innleiðingarhópur hafi óskað eftir því. Þrátt fyrir það hefur skólastjóri fundað með arkitektum skólans og fasteignastjóra framkvæmda og viðhalds. Arkitektar eru meðvitaðir um að óskað er eftir skápum en frekari útfærsla hefur ekki orðið á því. Mikill áhugi og vilji er að fá munaskápa fyrir nemendur þar sem m.a. er hægt að geyma dýran fatnað, námsbækur og hjálma. Víkurskóli hefur brugðið á það ráð að leyfa nemendum að geyma hjálma í starfsmannaskápum.

Skólastjóri hefur einnig lagt mikla áherslu á að sett verði upp öryggismyndavélakerfi við skólann hið fyrsta, enda hefur það mikinn fælingarmátt og minnkar líkur á því að skemmdarverk eigi sér stað. Fjárveiting til þess hefur ekki verið gefin.

Í nýjum skóla er að mörgu að hyggja og margt sem þarf að gera. Stjórnendur tóku við skólanum 1. ágúst 2020 og þá var margt ógert. Aðrir stjórnendur og starfsmenn skólans áttu sitt sumarfrí og komu til starfa 6. ágúst. Starfsfólk Víkurskóla er vakið og sofið yfir því að gera skólann sem bestan úr garði og hafa lagt hart að sér undanfarið. Einn virtasti skólamaður Íslands, Ingvar Sigurgeirsson, sagði, það eina sem þið hafið nóg af er tími. Við höfum kosið að forgangsraða verkefnum með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og stjórnendur skólans leggja sig í líma við að flýta þeim verkefnum sem hægt er. Afar mörgu hefur verið áorkað þennan mánuð sem skólinn hefur starfað og erum við stolt af því hve vel skólastarfið fer af stað. Fram undan eru ótal áskoranir sem við hlökkum til að takast á við af fagmennsku og bjartsýni.

Virðingarfyllt

Þuríður Óttarsdóttir

skólastjóri Víkurskóla